

Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Selfoss, 4.11.2024  
UST202402-118/H.M.V.  
08.14.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. ágúst 2024 - Múlaþing, urðunarstaður að Tjarnarlandi, ID 236**

Þann 8. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings að Tjarnarlandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Opið er eldra frávik úr eftirliti ársins 2023 og varðar geymslu dekkjarkurls inn á urðunarstað Tjarnarlands. Varsla úrgangs inn á urðunarstað er frávik frá grein 1.2 í starfsleyfi. Í úrbótaáætlun sem barst frá rekstraraðila var greint frá því að umræddur úrgangur skyldi nýttur sem stoðefni inn á urðunarstað. Hins vegar getur Umhverfisstofnun ekki fallist á þá ráðstöfun sem rekstraraðili greinir frá í úrbótaáætlun vegna fráviksins, þar sem hann hugðist nýta efnið sem byggingar- og stoðefni inn á urðunarstað. Umhverfisstofnun telur óheimilt að notast við kurlaða hjólbarða sem byggingar- og stoðefni á urðunarstað og er niðurstaða þess rakin nánar í bréfi sem barst rekstraraðila þann 21. október sl.

### **Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka á móti og urða allt að 2.500 tonn af úrgangi á ári (hámark 10 t á sólahring). Árið 2023 voru urðuð alls 2.536 t af úrgangi að Tjarnarlandi, eða um 1,44% umfram heimild í starfsleyfi.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. nóvember 2024.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur